Nr. 32.
20.
október.

# Lög

um

## málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hverjum þeim, sem leyst hefur af hendi fullkomið lögfræðispróf, er aðgang veitir að embættum þeim hjer á landi, sem lögfræðingar skipa, sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 4. marz 1904, og að öðru leyti fullnægir þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta fengið embætti á Íslandi, getur ráðherra Íslands veitt almennt leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn. Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirskrifa eiðstaf um, að hann skuli flytja mál þau, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmennsku og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samvizkusemi. Málaflutningsmaður fyrirgjörir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

2. gr.

Hinir settu málaflutningsmenn við yfirdóminn, er þóknun fá úr landssjóði, eru skyldir að flytja sakamál og gjafsóknarmál eptir því, sem þeir fá skipun til og eptir sömu reglum og fylgt hefur verið hingað til.

Nú óskar sakborningur eða gjafsóknarhafi, að einhverjum öðrum málfærslumanni er leyfi hefur fengið samkvæmt 1. gr., sje falið mál hans fyrir yfirdómi, og er þá rjett að sá sje til þess skipaður, ef hann vill takast það á hendur.

3. gr.

Málaflutningsmenn, er skipaðir eru til að flytja gjafsóknarmál, skulu eiga heimting á málaflutningskaupi eins fyrir það, þótt þeir vinni eigi málið, ef flutningur málsins hefur af þeirra hálfu verið óaðfinnanlega af hendi leystur.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 32.
20.
Oktober.

om

## Sagførere ved Landsoverretten i Reykjavik.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov

§ 1.

Islands Minister kan meddele enhver, som har absolveret fuldstændig juridisk Eksamen, der giver Adgang til de Embeder her i Landet, som beklædes af Jurister, jfr. Lov Nr. 3 af 4de Marts 1904, og som forøvrigt opfylder de Betingelser, som udkræves for at kunne erholde Embede paa Island, almindelig Tilladelse til Sagførelse for Landsoverretten. Enhver, som erholder slig Tilladelse, skal, forinden Bevillingen bliver udleveret, underskrive en Edsformular om, at han vil føre de Sager, som blive ham betroede, med Nidkærhed og Troskab og i det Hele udføre sine Forretninger med Retskaffenhed og Samvittighedsfuldhed. En Sagfører fortaber denne sin Ret, hvis han gør sig skyldig i en i den offentlige Mening vanærende Handling eller kommer ud af Raadighed over sit Bo.

§ 2.

De ved Overretten konstituerede Sagførere, der erholde Honorarer af Landskassen, ere pligtige til efter de hidtil fulgte Regler at udføre de Justitssager og beneficerede Sager, som de faa Ordre til at udføre.

Hvis en Tiltalt eller en, der har faaet Bevilling til fri Proces, ønsker, at en anden Sagfører, som har erholdt den i § 1 omhandlede Tilladelse, fører Sagen for ham for Overretten, da bør han dertil beskikkes, hvis han vil overtage Hvervet.

§ 3.

De Sagførere, som beskikkes til at udføre beneficerede Sager, skulle have tilkendt Salær, uanset om de ikke vinde Sagen, dersom der ikke har været noget at udsætte paa deres Udførelse af samme.

Nr. 32.
20. október.

4. gr.

Einkarjettur sá, sem hinum settu málaflutningsmönnum við landsyfirdóminn er veittur með konungsúrskurði 19. marz 1858, skal afnuminn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 20. október 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*H. Hafstein.*

§ 4.

Nr. 32. 20. Oktober.

Den de konstituerede Prokuratorer ved Overretten ved kgl. Resolution af 19de Marts 1858 tilstaaede Eneret ophæves.

§ 5.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1906.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

*H. Hafstein.*

---

**Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905.**

*H. Hafstein.*

*Ólafur Halldórsson.*